

- 118 1. hvort hreppstjórar sje skyldir til launalaust að halda opinber uppboð;  
 22. nóv. 2. sje það ekki, hvort hreppstjórar þá geti heimtað full sólulaun, að eins helming þaraf eða minna;  
 3. hvort sýslumönnum sje heimilt að fresta að halda manntalsþing þangað til eptir fardaga, til þess að halda fyrirfallandi uppboð frá miðjum maí til fardagaloka.

Þjer hafið í ofanefndu brjefi látið í ljósi álit yðar um það, hvernig svara beri spurningum þessum og skal yður nú, samkvæmt því, þjónustusamlega gefið til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar það, er hjer segir:

ad 1 og 2. Sýslumenn hafa eigi eptir 6. gr. í lögum frá 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra o. fl. heimild til að gefa hreppstjórum umboð til að halda önnur uppboð en þau, sem ætla má að ekki hlaupi meira en 200 kr. og það því aðeins að sýslumaður sje sjálfur forfallaður, og renna uppboðslaunin þá óskert til hreppstjóra þess, er heldur uppboðið, ef upphæð þess í raun og veru eigi fer fram úr 200 kr., því að öðrum kosti tilfalla þau landssjóði og hreppstjóri virðist þá eiga tilkall til endurgjalds fyrir uppboðshaldið af sýslumanni.

Uppboð þau, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr., er sýslumaður skyldur að halda sjálfur, og má hann eigi, án sjerstakrar löggildingar, fela öðrum að halda þau, en sje slík löggilding veitt, eiga uppboðslaunin að renna í landssjóð og uppboðið að fara fram á kostnað og ábyrgð sýslumanns.

ad 3. Það er auðsætt, að sýslumenn yfir höfuð ekki mega fresta manntalsþingum þangað til eptir fardaga eða fram yfir lögákveðinn tíma til þess að vera til taks til að halda uppboð, er kynnu að fyrirfalla á hinu umspurða tímabili. Ef stærri en 200 kr. uppboð koma fyrir, eins á þessu tímabili eins og endranær, og ekki má fresta þeim þangaðtil önnur dagsett embættisverk leyfa sýslumanni sjálfum að halda þau, þá verður hann að fá annan mann löggiltan til að halda slík uppboð sín vegna, geti hann eigi breytt dagsetningu hinna ákveðnu embættisverka, þannig að þau ekki komi í bága við uppboðin, en að öðru leyti verða uppboðskrefjendur í tíma að koma sjer saman við sýslumann um uppboðshöldin, svo að hann geti ákveðið þau og önnur embættisverk með nauðsynlegri hliðsjón hvor til annara.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg er yður samdóma um, að sýslumaðurinn í Árnessýslu verði sjálfur að bera kostnaðinn af uppboðum þeim, sem haldin voru í Ölves-hreppi síðastliðið vor og sem ræðir um í ofanefndu erindi hans.

- 119 Ágrip af brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um lán til  
 22. nóv. stofnunar búnaðarskóla fyrir Múlasýslur. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Suðurmúlasýslu, samkvæmt heimild þeirri, er gefin er í niðurlagsákvörðun fjárlaganna fyrir 1882 og 1883, 8500 króna lán úr viðlagasjóði, til að stofna búnaðarskóla á Eyðum handa báðum Múlasýslum, þannig að lán þetta yrði endurborgað og ávaxtað með 6 af hundraði á ári í 28 ár.